



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ
FERÐAMÁLA



SÓKNARÁÆTLUN
NORÐURLANDS EYSTRA



Akureyrarbær



Ferðamenn í Hrísey 2019

Niðurstaða könnunar

Vera Vilhjálmsdóttir
Ragnar Hólm Ragnarsson
2020

© Rannsóknamiðstöð ferðamála 2020

Útgefandi: Rannsóknamiðstöð ferðamála, Borgum v/ Norðurslóð, IS-600 Akureyri

Sími: (+354) 460-8930

Rafpóstur: rmf@rmf.is

Veffang: www.rmf.is

Titill: Ferðamenn í Hrísey sumarið 2019. Niðurstöður könnunar.

Höfundar: Vera Vilhjálmsdóttir og Ragnar Hólm Ragnarsson

Kápa: Ásprent-Stíll og Rannsóknamiðstöð ferðamála

Númer: RMF-S-01-2020

ISBN: 978-9935-505-00-2

ISSN: 1670-8857

Forsíðumynd: Gönguferð út á Borgarbrík © María Helena Tryggvadóttir / Akureyrarstofa

Aðrar myndir: © Akureyrarstofa

Skýrslan er unnin með stuðningi Uppbyggingarsjóðs Norðurlands eystra

Öll réttindi áskilin. Skýrslu þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

KÖNNUN MEÐAL FERÐAMANNA Í HRÍSEY 2019

Inngangur

Í Hrísey felast fjölmörg tækifæri til ferðaþjónustu og útivistar. Meðal þeirrar starfssemi sem tengist ferðaþjónustu í eyinni í dag eru gistiheimili, tjaldsvæði, veitingastaðir, kaffihús, tvö söfn, sundlaug og skoðunarferðir með dráttarvél (aðeins í boði á sumrin fyrir hópa). Fuglalífið í eyjunni er fjölbreytt en um 40 fuglategundir verpa í Hrísey og aðstaða til fuglaskoðunar er góð. Einnig eru góðar gönguleiðir um eyjuna þvera og endilanga.

Ferja gengur oft á dag til Hríseyjar frá Árskógssandi allt árið um kring og þar að auki er boðið upp á svokallaðar upphringiferðir sem hægt er að panta með ákveðnum fyrirvara en í ferðamálastefnu Akureyrarbæjar fyrir 2016-2026 er meðal annars talað um að bæta enn frekar samgöngur til Hríseyjar. Í ferðamálastefnunni er að auki lögð höfuðáhersla á að skapa Hrísey sérstöðu sem perlu Eyjafjarðar ásamt því að auka fjölbreytni í afþreyingu og þjónustu.

Akureyrarstofa stóð fyrir könnun meðal ferðamanna í Hrísey sumarið 2019. Markmiðið með könnuninni var að afla upplýsinga um ferðahegðun og upplifun ferðamanna í Hrísey. Meðal þess sem kannað var hjá ferðamönnum var ferðamáti þeirra, dvalarlengd, hvað vakti áhuga þeirra á Hrísey og hvernig þeir öfluðu sér upplýsinga um eyjuna. Rannsóknamiðstöð ferðamála (RMF) var falið að sjá um úrvinnslu og greiningu á niðurstöðum könnunarinnar. Greining og skýrsluskrif voru í höndum Veru Vilhjálmisdóttur, sérfræðings hjá RMF en Ellen Haddingh, starfsnemi, sá um innslátt svara. Munu niðurstöður könnunarinnar hafðar að leiðarljósi við markaðssetningu og uppbyggingu áfangastaðarins.



Horft yfir á Látraströnd



Þorpið séð frá sjó



Sævar kemur til hafnar í Hrísey



KÖNNUN MEÐAL FERÐAMANNA Í HRÍSEY 2019

Aðferðir og framkvæmd

Könnun var lögð fyrir ferðamenn sem lögðu leið sína til Hríseyjar á tímabilinu frá miðjum apríl til lok októbers 2019. Spurningalisti á íslensku og ensku, sem saminn var af starfsfólki hjá Akureyrarstofu, lá frammi í ferjunni og í Hríseyjarbúð. Spyrjar voru ekki til staðar en ferðamenn fylltu sjálfir út spurningalistana og skildu eftir. Á framkvæmdatímabilinu komu um 19.000 einstaklingar til Hríseyjar með ferjunni¹. Fjöldi svara sem safnaðist á tímabilinu var 310 og náði lágmarksstærð úrtaks miðað við 99% öryggismörk og +/-10% úrtaksskekkju.

Niðurstöður könnunarinnar voru flokkaðar og greindar eftir fjórum þáttum; kyni, aldri, búsetu og dvalarlengd. Sérstaklega er tekið fram í samantekt á niðurstöðum spurninganna ef þessir þættir reyndust hafa marktæk áhrif á niðurstöðurnar. Ekki reyndist grundvöllur til að brjóta svörin niður og greina eftir öðrum breytum.

Búseta innlendra ferðamanna var skoðuð út frá svarendum af Höfuðborgarsvæðinu og á Norðurlandi en svarhlutfall annarra landshluta var ekki nægilegt til að greina frekar. Svör erlendra ferðamanna reyndust að sama skapi ekki nægilega mörg til að greina þau niður á lönd eða markaðssvæði, því voru erlendir ferðamenn greindir sem ein heild.

Úrtak og bakgrunnur svarenda


	Allir	Innlendir	Erlendir
<i>Svarfjöldi</i>	310	246	64
Kyn			
Karl	39,4%	40,7%	34,4%
Kona	59,4%	59,3%	59,4%
Búseta			
Innlendir	79,4%	100,0%	0,0%
Erlendir	20,6%	0,0%	100,0%
Aldur			
65 ára og eldri	10,0%	9,3%	12,5%
55-64 ára	13,2%	12,2%	17,2%
45-54 ára	14,5%	14,6%	14,1%
35-44 ára	19,0%	19,1%	18,8%
25-34 ára	18,7%	17,9%	21,9%
18-24 ára	5,8%	5,7%	6,3%
13-17 ára	6,8%	8,1%	1,6%
12 ára og yngri	10,6%	11,8%	6,3%
Menntun			
Grunnskóli	20,0%	23,2%	7,8%
Framhaldsskóli	22,3%	24,8%	12,5%
Háskólanám (grunnám)	32,6%	31,3%	37,5%
Háskólanám (framhaldsnám)	24,2%	19,5%	42,2%
Tekjur (gild svör)²			
Háar	7,6%	6,8%	10,3%
Yfir meðaltali	31,2%	25,1%	51,7%
Í meðallagi	54,8%	61,3%	34,5%
Undir meðallagi	4,4%	5,8%	0,0%
Lágar	1,6%	1,0%	3,4%

¹ Farþegafjöldinn sem gefinn er upp nær til allra farþega á tímabilinu, en ekki einungis til ferðamanna.

² Hér voru einungis tekin með svör þeirra sem voru 18 ára og eldri.




ÞAKGRUNNUR FERÐAMANNA Í HRÍSEY: BÚSETA OG ALDUR



BÚSETA

Tæplega 21% svarenda voru erlendir ferðamenn og komu flestir frá Bandaríkjunum, Frakklandi og Þýskalandi. Alls komu erlendu ferðamennirnir frá 20 mismunandi löndum, þar af 58% frá Evrópulöndum og 38% frá Norður-Ameríku.

Flestir svarenda voru innlendir ferðamenn eða um 79%. Stærstu hóparnir voru íbúar af Höfuðborgarsvæðinu (34%) og Norðlendingar (30%). Aðrir landshlutar mældust á bilinu 3-5%. Aftur á móti vantaði skráningu á pósthafi hjá rétt rúmlega 20% svarenda og því ekki hægt að segja nánar til um hvar af landinu þeir komu.



ALDURSSKIPTING


Meðalaldur allra ferðamanna var um 39 ár. Ef svarendur 18 ára og eldri eru aðeins taldir með þá mældist meðalaldur um 44 ár.

Innlendir ferðamenn 18 ára og eldri eru að meðaltali 10 árum yngri en erlendir ferðamenn. Meðalaldur innlendra ferðamanna er um 34 ár en meðalaldur erlendra ferðamanna 45 ár.

Stærstu aldursflokkarnir voru ferðamenn á aldrinum 25 til 34 ára og 35 til 44 ára (báðir um 19%) og þvínæst var aldursflokkurinn 45 til 54 ára (15%).



BAKGRUNNUR FERÐAMANNA Í HRÍSEY: KYN, TEKJUR OG MENNTUN




KYNJASKIPTING

Um 60% svarenda voru konur og 40% karlar og reyndist kynjahlutfallið vera um það bil sama hjá innlendum og erlendum ferðamönnum.

Hlutfallslega fleiri konur frá Norðurlandi svöruðu könnuninni en frá hinum landshlutunum eða um 66%.

Kynjahlutföll héldust einnig svipuð eftir aldursflokkum.



TEKJUR OG MENNTUNARSTIG

Ferðamenn voru spurðir um hverjar meðalráðstöfunartekjur heimilis þeirra væru og þar reyndst nokkur munur vera á milli innlendra og erlendra ferðamanna.


Innlendir ferðamenn sögðu flestir að meðalráðstöfunartekjur á þeirra heimili væru í meðallagi (61%) á meðan 62% erlendra ferðamanna sögðu að meðalráðstöfunartekjur þeirra væru yfir meðallagi. Ferðamenn frá Höfuðborgarsvæðinu voru einnig líkegri til að telja þær vera yfir meðallagi eða um 34% á móti 26% Norðlendinga.

Almennt voru ferðamenn með hátt menntunarstig en um 57% allra svarenda svöruðu að þeir hefðu háskólapróf.



FERÐAMÁTI OG UPPLÝSINGAÖFLUN

Ferðamáti að Hríseyjarferju




HVERNIG FERÐAÐIST ÞÚ TIL ÁRSKÓGSSANDS?

Einkabílar voru langvinsælasta farartækið sem ferðamenn nýttu sér til að komast til Árskógssands, þaðan sem ferjan til Hríseyjar fer. 92% innlendra ferðamanna voru sjálfir á bíl og 66% erlendra ferðamanna.

Aðrir ferðamátar sem erlendir ferðamenn nýttu sér voru strætó (6%), skipulagðar ferðir í rútu (6%) og ferðir með skemmtiferðaskipum (11%). Það voru einna helst erlendir ferðamenn 55 ára og eldri sem ferðuðust með skemmtiferðaskipi.

Ferðamenn nefndu einnig farartæki eins og hjól og hjólhýsi ásamt því að hafa komið sér á áfangastaðinn á tveimur jafnfljótum eða á puttanum.

Hvaðan fékkstu upplýsingar um Hrísey?



UPPLÝSINGAÖFLUN UM HRÍSEY


Innlendir ferðamenn fengu flestir upplýsingar um Hrísey frá fjölskyldu og vinum eða 65% svarenda. Undir liðnum „annað“ nefndu innlendir ferðamenn helst að þeir hefðu heimsótt eyjunna áður eða ættu vini eða fjölskyldu á eyjunni

Upplýsingaöflun erlendra ferðamanna skiptist nokkuð jafnt á milli fjölskyldu og vina (22%), heimasíðna og annarra netmiðla (20%) og ferðahandbóka (19%). Undir „annað“ nefndu erlendir ferðamenn helst að þeir hefðu fengið upplýsingar um Hrísey frá leiðsögumönnum eða í gegnum skipulagðar ferðir sem þeir voru í.




HVATI FERÐAMANNA TIL AÐ HEIMSÆKJA HRÍSEY

Hvað vakti áhuga þinn á að heimsækja Hrísey?



Áhugi á Hrísey eftir aldri



NÁTTÚRAN OG STAÐSETNINGIN HELSTA

AÐDRÁTTARAFL HRÍSEYJAR FYRIR FERÐAMENN

Náttúra Hríseyjar og staðsetning eru þeir þættir sem ferðamenn segja að hafi helst vakið áhuga þeirra á að heimsækja Hrísey.

Náttúran er heilt yfir sterkasta aðdráttarafli Hríseyjar og nefndu 59% ferðamanna hana sem helsta hvatan fyrir ferðinni. Erlendir ferðamenn (72%) og konur (64%) eru sérstaklega áhugasöm um náttúruna í eyjunni.

Staðsetning Hríseyjar (48%) og gönguleiðir um eyrna (30%) eru einnig mikivægir þættir sem vekja áhuga ferðamanna á að heimsækja áfangastaðinn.

Fuglalífið í Hrísey er sterkt aðdráttarafli fyrir erlenda ferðamenn en 42% þeirra nefndu fuglalífið sem hvata fyrir ferðinni til Hríseyjar. Fuglalífið virðist sterkara aðdráttarafli fyrir ferðamenn sem eru 55 ára og eldri (44%) heldur en fyrir yngri ferðamenn (22-24%).



Undir liðnum „annað“ hjá innlendum ferðamönnum nefndu flestir að þeir væru að heimsækja vini, fjölskyldu eða ættarslóðir. Einnig var fólk að koma á ákveðinn viðburð eða var einfaldlega að sækjast eftir kyrrð og afslöppun í eyjunni.

Svör erlendra ferðamanna undir liðnum „annað“ voru af ýmsum toga. Hér koma nokkur dæmi sem þeir nefndu:

„Like taking ferries to islands.“
 „Discovering another nice place in Iceland.“
 „Quiet place.“



DVALARLENGD



INNLENDIR FERÐAMENN LÍKLEGGI TIL AÐ GISTA YFIR NÓTT HELDUR EN ERLENDIR FERÐAMENN

Innlendir ferðamenn eru heldur líklegri til að dvelja lengur og gista yfir nótt í Hrísey en helmingur þeirra sagðist hafa gist í eyjunni á móti 23% erlendra ferðamanna.

Íbúar á Höfuðborgarsvæðinu eru líklegri til að gista í Hrísey en aðrir hópar en um 70% þeirra sögðust gista yfir nótt. Norðlendingar (29%) eru hins vegar ólíklegastir til að gista í Hrísey yfir nótt.



Ferðamenn 55 ára og eldri eru einnig líklegri til að dvelja yfir nótt en aðrir aldurshópar en helmingur þeirra valdi að gista í Hrísey í ferðinni. Ferðamenn á aldrinum 35-54 ára eru ólíklegasti aldurshópurinn til að gista yfir nótt (39%).



Einstök kyrrð og ró



GISTINÆTUR



FERÐAMENN AF HÖFUÐBORGARSVÆÐINU DVELJA LENGUR Í HRÍSEY

Ferðamenn voru einnig spurðir hversu margar nætur þeir ætluðu að gista í Hrísey. Af þeim sem sögðust ætla að gista yfir nótt þá ætluðu flestir að gista í 1-3 nætur (57%), þvínæst í 4-6 nætur (29%) og fæstir í 7-10 nætur (10%). Enginn sagðist ætla að gista í meira en 10 nætur.

Íbúar Höfuðborgarsvæðisins ætluðu að dvelja hvað lengst. Meðalfjöldi gistinátta þeirra voru 3,4 nætur en 2,4 nætur hjá Norðlendingum og erlendum ferðamönnum. Hæsti meðalfjöldi gistinátta (3,6) mældist hjá körlum og hjá aldursflokknum 35-54 ára.

Tæplega helmingur erlendra ferðamanna (47%) ætla einungis að gista í eina nótt.




Á Hríseyjarhátíð 2019



UPPLIFUN OG AFÞREYING FERÐAMANNA Í HRÍSEY

Hvað gerðir þú í Hrísey?




GÖNGUFERÐIR, LJÓSMYNDUN OG FUGLAR VINSÆLT

Eins og áður hefur komið fram þá er fuglalífið í Hrísey vinsælt aðdráttarafli fyrir erlenda ferðamenn og er líka eitt af því sem þeir upplifa helst í eyjunni en 56% þeirra sögðust hafa stundað fuglaskoðun í Hrísey. Það er mun hærra hlutfall en hjá innlendum ferðamönnum (20%). Fuglaskoðun var einnig vinsælust hjá ferðamönnum 55 ára og eldri (36%).

Gönguferðir án leiðsagnar eru vinsæl afþreying hjá öllum ferðamönnum í Hrísey (61%), ljósmyndun er einnig vinsæl hjá erlendum ferðamönnum (67%) og sundlaugin hjá þeim innlendu (52%). Dagsferðamenn fóru mun síður í sund (24%) en þeir sem gistu yfir nótt (66%).

Hvaða staði heimsóttir þú í Hrísey?




BÚÐIN, VEITINGAHÚSIÐ OG LEIKSVÆÐIÐ FJÖLSÓTTAST

Innlendir ferðamenn heimsækja helst Hríseyjarbúðina (44%), veitingahús (49%) og leiksvæðið (46%). Hríseyjarbúðin er mun vinsælli meðal innlendra ferðamanna en erlendra (20%) enda er hún nýtt í mun meira mæli af þeim sem gista yfir nótt (58%) heldur en af þeim sem eru í dagsferð (26%). Aðrir staðir sem ferðamenn heimsóttu voru kirkjan (17%), söfnin (13%) og handverksbúðin (12%).

Aðeins 2,3% sögðust ekki hafa gert neitt af ofangreindu og 15% sögðust hafa gert eitthvað annað. Meðal þess sem nefnt var undir „annað“ var að tjalda, hjóla, spila frísbíggolf og fara í heimsóknir.



VIÐHORF FERÐAMANNA: ÁNÆGJA MEÐ DVÖLINA



FERÐAMENN ALMENNT MJÖG ÁNÆGÐIR


Innlendir ferðamenn eru mjög ánægðir með dvölinu í Hrísey en 78% þeirra sögðu dvölinu hafa verið frábæra. Íbúar Höfuðborgarsvæðisins eru hvað ánægðastir en 82% þeirra voru á því að dvölin í Hrísey hafi verið frábær.

Erlendir ferðamenn eru ánægðir með dvölinu en ekki alveg í sama mæli og innlendir ferðamenn. Um 55% þeirra segja dvölinu hafa verið frábæra og 33% meta hana sem í yfir meðallagi.

Marktækur munur reynist einnig á ánægjustigi þeirra sem voru í dagsferð í Hrísey og þeirra sem gistu yfir nótt. Hlutfall þeirra sem töldu dvölinu frábæra af þeim sem gistu var 86% á móti 65% þeirra sem voru í dagsferðum.



Rjúpan er einkennisfugl Hríseyjar



VIÐHORF FERÐAMANNA: HVAÐ GERIR HRÍSEY AÐ ÁHUGAVERÐUM ÁFANGASTAÐ?



STAÐSETNING HRÍSEYJAR, FUGLAR OG FRÍÐSÆLDIN LOKKAR

Ferðamenn voru spurðir í opinni spurningu hvað þeir teldu að gerði Hrísey að áhuga- verðum áfangastað.

Það sem kom skýrast fram í svörum ferðamanna var að staðsetning og náttúra eyjunnar, fuglalífið og gönguleiðirnar séu það sem geri Hrísey að góðum áfangastað.

„Náttúra, fugla/dýralíf er dásæmdin ein.“

„Náttúrufegurð og fuglalíf.“

„Red loop hiking trail was beautiful.“

„Love the birds, hiking trails, interpretive signs + scenery!“

Einnig var fólki tíðrætt um friðsældina, fámennið og kyrrðina, ásamt því að eyjan væri barnvæn og góð fyrir fjölskyldufólk.

„Frábær staður fyrir fjölskyldufólk.“

„Hrísey er frábær til hvíldar og afslöppunar.“

„Kyrrðin, náttúran, fámennið.“

„Quiet, peaceful, lovely people.“

Að auki minnstust ferðamenn á að heimamenn væru vingjarnlegir, sundlaugin góð, umhverfið væri snyrtilegt og útsýnið fallett.



VIÐHORF FERÐAMANNA: ÚRBÆTUR



KALLAÐ EFTIR HJÓLALEIGU OG LENGRI OPNUNARTÍMUM

Eitt af því sem ferðamenn minnstust helst á var að það mætti rýmka opnunartíma bæði sundlaugarinnar og verslunarinnar. Einnig var minnst á í þessu samhengi að hafa kirkjuna og kaffihúsið opið fyrir gesti og gangandi en kaffihúsið Eyjakaffi var lokað sumarið 2019.

Annað sem margir komu inn á var að þeir væru til í að geta leigt sér hjól til að komast um eyjuna. Þannig væri hægt að komast lengra og auðveldar um.

Einnig kölluðu ferðamenn eftir meiri og skýrari upplýsingum um gönguleiðir og merkingar á skiltum. Að auki voru nokkrir sem söknuðu meiri upplýsinga um Hrísey og samfélagið á eyjunni, bæði hér áður fyrr og nú. Meðal annarra lagfæringa nefndu ferðamenn helst að það þyrfti að slá golfvöllinn og laga vegi en sumarið 2019 voru miklar framkvæmdir í gangi. Til að mynda var vegurinn suður á eyjunni grafinn upp.

Að lokum voru nokkrir sem nefndu að tenging ferjunnar við strætóleiðir mætti vera betri, bæði hvað varðar að samræma tímasetningar og að strætóstoppistöð mætti vera nær bryggjunni.



SAMANTEKT Á HELSTU NIÐURSTÖÐUM

GÖNGULEIÐIR OG FUGLALÍFIÐ VINSÆLAST

Náttúran, staðsetningin og gönguleiðirnar eru það helsta sem vekur áhuga ferðamanna á að heimsækja Hrísey. Persónuleg tenging innlendra ferðamanna við Hrísey hefur einnig áhrif á áhuga þeirra. Ferðamenn virðast einnig margir hverjir sækja til Hríseyjar til að komast í rólegra umhverfi og til að upplifa friðsældina í eyjunni.

Þrjár gönguleiðir eru sérstaklega merktar í Hrísey og ferðmenn eru duglegir að nýta sér þær, jafnt innlendir sem erlendir. Nokkrir ferðamenn nefndu að stækka mætti göngustígakerfið enn frekar og bæta við gönguleiðum.

„Fleiri og lengri gönguleiðir, með upplýsingaskiltum.“
„More hiking trails would be nice.“

Fuglalífið í Hrísey trekkir sér í lagi erlendra ferðamenn til áfangastaðarins en rúmur helmingur þeirra sagðist hafa stundað fuglaskoðun á meðan á dvölinni stóð. Fuglarnir eru einnig eitt af því helsta sem vakti áhuga erlendra ferðamanna á því að heimsækja Hrísey.


„Interested in the ptarmigans – got to see some!“
„Bird life – great route to see local birds!“

DVALARLENGD HEFUR ÁHRIF Á ÁNÆGJUSTIG

Ferðamenn eru heilt yfir mjög ánægðir með ferðina til Hríseyjar en 92% þeirra meta dvöl sína sem frábæra eða yfir meðallagi góða. Þó má greina að ferðamenn sem gista yfir nótt í Hrísey séu almennt ánægðari með dvölinna en þeir sem eru í dagsferðum. Dvalarlengd og tækifæri til að skoða Hrísey frekar virðist því hafa áhrif á ánægjustig ferðamanna.

Innlendir ferðamenn eru einnig líklegri til að meta dvölinna í Hrísey sem frábæra heldur en erlendir ferðamenn. Í þessu samhengi má geta að einungis um fjórðungur erlendra ferðamanna gistir yfir nótt í Hrísey á móti helming innlendra ferðamanna.

Ferðamenn af Höfuðborgarsvæðinu eru líklegri til að dvelja lengur í Hrísey en aðrir hópar.



Siglingin til Hríseyjar tekur aðeins 15 mínútur

FERÐAMENN KALLA EFTIR BETRI MERKINGUM OG SAMGÖNGUM

Helstu athugasemdir um úrbætur sem ferðamenn nefna í opnum svörum er að merkingar á gönguleiðum mættu vera betri ásamt almennri upplýsingagjöf um Hrísey, hvað sé í boði og hvar allt sé að finna.

„Could not locate the energy zone = path not well marked.“

„Mætti vera betra aðgengi að götukorti með þjónustu og öðru slíku.“

Að auki nefndu ferðamenn að bæta mætti samgöngur, bæði til og frá Hrísey og þegar á staðinn er komið.

Hvað varðar samgöngur til Hríseyjar, þá kölluðu ferðamenn sérstaklega eftir samræmdari og betri tengingum milli strætó- og ferjuferða. Strætóferðum mætti fjölga, samræma tímasetningar og hafa strætóstoppistöð nær bryggjunni á Árskógs-sandi.

„Make it easier to come to the ferry by public transport.“
„More buses from Akureyri. Also a bus stop near the ferry.“

Þegar til Hríseyjar er komið óskuðu ferðamenn eftir að hægt væri að leigja sér hjól til að komast um eyjuna og ná að sjá meira t.d. í dagsferðum.





RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ
FERÐAMÁLA

2020